

Rökræðufundur 2019: Kjördæmaskipan og atkvæðavægi
Sjá Skýrslu bls. 86-102; Viðauka bls. 48-53

Kjördæmaskipan og atkvæðavægi var umræðuefni eins af sex hlutum rökræðufundarins ásamt spurningum sem vörðuðu persónukjör. Í upphafi (áður en umræður fóru fram) var greinilegur afstöðumunur á milli þátttakenda af landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu, en almennt virtust sjónarmið verða líkari á fundinum. Sem dæmi má taka spurningar um annars vegar hvort landið ætti að vera eitt kjördæmi – þar sem atkvæðavægi væri jafnt – eða hvort mikilvægara væri að tryggja betur áhrif smærri byggðarlaga með því að fjölga kjördæmum. Þegar litið er á þá sem voru frekar, mjög eða fullkomlega sammála fullyrðingunum var skiptingin svona:

Fyrir fund / eftir fund	Landið eitt kjördæmi	Kjördæmi fleiri en nú
Landsbyggð	12% / 31%	36% / 19%
Höfuðborgarsvæði	53% / 51% [#]	8% / 19%
Heild	40% / 45% [#]	18% / 19% [#]

Í fyrra tilfellinu færast þátttakendur af landsbyggðinni mun nær þátttakendum af landsbyggðinni. Í því síðara þurrkast verulegur skoðanamunur fyrir fund út í umræðunum þar sem marktæk breyting verður á afstöðu beggja hópa. Þegar litið er á afstöðumun heildarinnar er munurinn ekki marktækur fyrir fund og eftir fund.

Í umræðum vógu einkum tvö sjónarmið salt. Annars vegar sú skoðun að vægi atkvæða ætti að vera jafnt og að mikilvægasta markmið breytinga á kjördæmaskipan væri að jafna atkvæðavægi. Hins vegar að tryggja þyrfti pólitískan jöfnuð í þeim skilningi að byggðarlög hefðu sem jöfnust áhrif á stefnumótun og ákvarðanir. Skoðanamunur á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar um þetta í upphafi fundar breyttist ekki í umræðunum, þar sem þátttakendur af höfuðborgarsvæðinu voru mun líklegri til að leggja áherslu á jafnt atkvæðavægi en þátttakendur á landsbyggðinni á að tryggja áhrif byggðarlaga.

Talsverðar umræður urðu um leiðir til að tryggja jöfn áhrif allra landshluta væri kjördæmum fækkað – jafnvel niður í eitt – til að jafna vægi atkvæða. Greina mátti mikinn áhuga á þessari spurningu og skilning á mikilvægi slíkra skrefta í flestum hópum. Í einum umræðuhópi þar sem stuðningur við að landið væri eitt kjördæmi jókst úr 62% í 85% kom sú skoðun fram að við slíkar aðstæður mætti búast við að sveitarfélög styrktust og sæu sé aukinn hag í sameiningum. Í öðrum hópi þar sem yfirgnæfandi stuðningur var við eitt kjördæmi fyrir fundinn og eftir komu fram hugmyndir um að hagsmunir landsbyggðarinnar þyrftu að endurspeglast í málaflokkum ríkisstjórnarinnar þar sem ráðherrar færu hugsanlega með málefni einstakra byggðarlaga.

Í flestum hópum sköpuðust umræður um áhrif sérhagsmuna einstakra landshluta á störf þingmanna. Margir höfðu áhyggjur af „kjördæmapoti“. Þessu fylgdu vangaveltur um hvað það þýddi að þingmenn ættu að beita sér fyrir því sem varðaði hag landsins alls og hvaða kerfi stuðlaði helst að því að þeir gerðu það. Sú skoðun að allir landshlutar ættu að eiga fulltrúa á þingi styrktist, en sömuleiðis að jafnt atkvæðavægi væri mikilvægasta markmið breytinga.

Fyrir fund / eftir fund	Allir landshlutar ættu að eiga fulltrúa á þingi	Jafnt atkvæðavægi mikilvægasta markmiðið
Landsbyggð	86% / 88%	40% / 51% [#]
Höfuðborgarsvæði	57% / 66 %	70% / 76% [#]
Heild	66% / 73%	60% / 68%

Þá ályktun má draga af umræðunum að þátttakendur hefðu almennt skilning á því að besta lausn um kjördæmaskipun krefðist þess að tillit væri tekið til ólíkra hagsmuna. Í umræðunum jókst viðurkenning á því að jafnt atkvæðavægi eitt og sér þýddi ekki að pólitískur jöfnuður væri tryggður. Þess vegna þyrfti líka skrefum í átt að jöfnu atkvæðavægi að fylgja eftir með ráðstöfunum sem tryggðu hagsmuni, rödd og vægi smærri byggðarlaga.

[#]Munur ekki marktækur.